

## Menntaáætlun Nordplus 2011

### Auglýst eftir styrkjum til samvinnu á sviði menntunar á Eystrasalts- og Norðurlöndum

Nordplus menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar stuðlar að gæðum og nýsköpun í menntakerfum Norðurlanda og Eystrasaltslanda með styrkjum til ýmiskonar samstarfsverkefna og samstarfsneta. Heildarfjármagn menntaáætlunar Nordplus starfsárið 2011 er u.þ.b. 8 miljónir evra.

Einnig er auglýst eftir umsóknum um styrki í **Norrænu tungumála- og menningaráætlun Nordplus (Nordplus Nordiske Sprog- og kulturprogram)**.

Menntaáætlun Nordplus samanstendur af fjórum undiráætlunum og eru meginmarkmið og áherslur þeirra tilgreindar hér að neðan. Þar að auki er lögð sérstök áhersla árið 2011 á loftlagsmál sem á við allar undiráætlanirnar fjórar.

#### **Nordplus Junior**

Styrkir samvinnu þáttökulanda á sviði grunn- og framhaldsskóla og styður samstarfsnet leik-, grunn- og framhaldsskóla. Árið 2011 verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi svið:

- Gæði í menntun, iðnmenntun, heilsa, brottfall úr skólum, fjölmennig í kennslu, frumkvöðlastarf, nýsköpun og hugvit.

#### **Nordplus fyrir háskólastigið**

Stuðlar að samvinnu á milli skóla á háskólastigi í þáttökulöndunum auk annarra stofnana og félagasamtaka sem starfa á sviði háskólamenntunar. Mynduð eru samstarfsnet þar sem miðlað og skipst er á upplýsingum um reynslu, góð vinnubrögð og frumlegar niðurstöður. Árið 2011 verður áhersla lögð á eftirfarandi svið:

- Þróun á sameiginlegum námsleiðum, þróun á námsefni og gæðaeftirliti á háskólastiginu. Einnig endurnýjun og stækkun samstarfsneta og þá sérstaklega aðkomu nýrra skóla frá Eystrasaltslöndunum.

#### **Nordplus Voksen**

Styrkir samvinnu og samstarfsnet þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu. Árið 2011 verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi svið:

- Grunnfærni fullorðinna og viðurkenning og mat á raunfærni. Bæta aðgengi og framboð í fullorðinsfræðslu. Sérstök áhersla er lögð á að ná til landsbyggðarfólks. Samspil fyrirtækja og fullorðinsfræðslustofnana í þjálfun og menntun fullorðinna.
- Áherslur á loftlagsmál og umhverfi en einnig að frumkvöðlastarfsemi.

#### **Nordplus Horizontal**

Styrkir þverfaglega samvinnu á milli sviða menntageirans og styður samstarfsnet og verkefni sem ná til fleiri en einnar undiráætlana Nordplus og styðja við áherslur þeirra. Árið 2011 verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi svið:

- Samstarfverkefni og samstarfnet sem hafa að markmiði að þróa gæðamenntun fyrir alla sem stunda nám í þáttökulöndunum, t.d. með því að fjalla um brottfall og aðgengi að námi.
- Kennaramenntun og uppeldisaðferðir, óháð kennslugreinum, sem fjalla t.d. um nýstárlega samvinnu og tengsl milli grunn- og framhaldsskóla, fullorðinsfræðslu, háskólamenntunar, rannsókna, fyrirtækja og félagasamtaka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, landskrifstofu Nordplus:

[www.nordplus.is](http://www.nordplus.is)

Umsóknarfrestur í öllum hlutum Menntaáætlunar Nordplus er 1. mars 2011

Öllum umsóknum verður að skila rafrænt í gegnum umsóknarkerfið ARS á slóðinni:

<http://ars.norden.org>

Leiðbeiningar og frekari upplýsingar á [www.nordplusonline.org](http://www.nordplusonline.org)